Sveitarblaðið

Fjallfari

# FJALLFARI.

| | | |
|---|---|---|
| Kemur út annan hvern Laugard. ekki minna en sett póst-pappírsarkir í hvert skipti | 3. Árg<br>3. Kerfi<br>3. Blað | Uppsögn skrifleg ógild nema komið sé til Ritnefnd-ar fyrir þann 25. Apríl n.k. |

9. No

Mýjarlandi Laugard. 14/3 1903.

Ritnefnd.

Indriði Sveinsson

Stefán Sigurðsson

Sveinn Lárusson

# Draugatrúin á Íslandi fyr og nú

Sú var tíðin að menn hugsuðu sér tilveruna umkringda af draugum, álfum huldufólki tröllum og alskonar afturgöngum. Allur þessi aragrúi álitu menn að færi sveimandi fram og aftur, og einkum þegar dimma tók þóttust menn sjá óvættir þessar er þær teygðu fram úr fylgsnum sínum sín nábleiku höfuð með augun hangandi út á vanga lemjandi alt í kringum sig, og láta yfir höfuð mjög einkennilega með öllu móti. Eftir fjallabúunum sem láglendi þóttist fólk enn fremur sjá Þorgilsbola hvarvetna hlaupandi og dragandi á eftir sér húð sína með skottu á henni, og öskra svo mjög ~~fæ~~ að menn með skepnum hlupu í felur

til þess að reyna að forða sér frá óþægindum
þessum. Marga aðra dranga þóttust
menn sjá alt í kring um sig, sem
létu hjárska einkennilega og hræðilega
með ýmsu móti. Frá því Ísland
bygðist, hefir þessi trú verið mjög
svo drottnandi hér. Hver skyldi vera
orsökin til trúar þessarar? Því miður
fæ jeg lítið svar að svo stöddu, og hlýt
jeg því sjálfur mega til að segja mína
meiningu um það, enda þótt mig
skorti bæði þekkinguna til þess, og nægar
reynslu fyrir mér í því. Nú vitum vér
vér að kyn okkar eigum við að rekja til
Norðmanna, því fyrst tóku þeir sér hér
bústað það sem við vitum af sögum
vorum. Að vísu var land okkar
Ísland fundið áður, en það týndist
aftur, og langur tími leið frá því
sem það fanst fyrst og þangað

til Ingólfur fór að byggja það.
Norðmenn komu hingað með þjóðsögur sínar
því þeir hafa geymt þær frá því fyrsta
að þær myndduðust. Um nokkurn
langan tíma bar lítið á þeim, því þær
hafa ekki verið prentaðar heldur
skrifaðar. Eftir þetta vissa tímabil
vöknuðu menn eins og af svefni, og byrjuðu
við að endurreisa þjóðsögurnar, sem þá
voru alveg að deyja út. Nú tóku þeir til starfa
að skrifa þær og jafnvel prenta upp, jafn-
framt, því sem þeir juku í þær og breyttu
með ýmsu móti, því trúin á þær vaknaði
um leið hjá þjóðinni. Breytingarnar
og viðaukarnir hafa gjört þær svo úr garði
að menn með heilbrigðri skynsemi
geta tæpast trúað nokkru af því sem
þær segja, þar eð alt í þeim er gjört
svo stórkostlegt, og um leið ótrúlegt í
augum þjóðarinnar. Þær ræða nú

um allar þær óvættir sem áður hafa verið
taldar og miklu fleiri, og þegar nú
alþýða las þessar sögur og trúði
þeim, þá liggur beinast við að halda
að þjóðsögurnar séu aðeins orsökin til
þeirrar fyrnefndu draugatrúar hér á landi; eða
hverju á að kenna það öðru en þeim.
Mér getur ekki hugkvæmst annað á
meðan ég fæ ei fullvissu fyrir öðru.
Á 17. 18. og talsvert fram á 19. öld var
trúin á drauga og fl. þesskonar í sem
mesta blóma hér á landi; og þá um
leið voru þjóðsögurnar í sem mestum
metum, er þær hafa nokkru sinni áður
verið. Við þurfum nú hreint ekki lengi
til þess að sannfærast um þetta, en að
tala við gamla eftirtektarsama og
minnisgóða menn sem nú lifa, þá
komumst við fljótt að þeirri niður-
stöðu eftir sögn þeirra; að þegar þeir

voru á unga aldri; þá var miklu meira
haft um hönd af þjóðs. enn nú er, og
er það tæpast nema 60–70 ár í
mesta lagi síðan. Því það var siður
á því heimili sem hann ólst upp á að
einn viss maður var á hverju kveldi
látinn lesa sögur þessar (sá sem
færastur var til þess, og allt heimilisfólk
hlustaði á með mestu athygli og eftirtekt.
Ég tek til dæmis einstakling, sem heyrir nú
þessar sögur frá því hann fer nokkuð
að skilja og taka eftir, og þar eð hann
trúir því. Allar þessar þrumandi draug-
og huldufólkssögur gegnum taka
huga einstaklingsins, og hann getur
varla um neitt annað hugsað en
þær. Af þessu leiðir að hann hugsar
sem svo, auðveldlega getur það komið
fyrir mig er sem fyrir manninn í
sögunni er lesin var rétt fyrir skömmu

Drangur einn hræðilegur réðst á hann og
hefir víst ætlað sér að stytta hans
eymdarstundir, en það vildi auming
manninum til, að hann tók það til
bragðs að signa sig og lesa alt það
gott er hann mundi í þann svipinn
svo draugsi hlaut að yfirgefa hann
af þeirri ástæðu. Einstaklingurinn
aumingjum segir nú með sjálfum
sér, mér er sagt að þetta sé satt
sem sögurnar segja, og það sem komið
hefir fyrir getur einnig enn komið
fyrir. Afleiðingin af drauga sögulestr-
inum verður hræðsla sem við á
Íslensku köllum myrkfælni. Ég
ímynda mér að hvert barn sem
fært er að skilja nokkuð til muna
og aðeins altalandi kannist við orðið
myrkfælni, svo það er svo oft nefnt
á voru tungu. Já án efa langt

og oft svo hin uppvaxandi kynslóð
beygir. Þetta virðist nú benda fremur
til hins verra, fyrir ístöðulítil börn að
alast upp við þvílíkt. Það er eflaust
rétt og satt að margur unglingurinn
hefir verið gjörður kjarklaus með þvílíkum
sögulestri. Allar þessar fyrnefndu
óvættir er menn trúðu að til væru, og
sem sumir enn trúa að séu til, áttu
að hafa mest vald yfir mönnum í
myrkri, og þá þorir drengurinn ekki einn
fram í myrkrinu, hann má til að fá
ljós og jafnvel mann líka með sér.
Ég t. d. þekki tvo fulltíða menn sem
enn svo myrkfælnir, að ég veit það fyrir
víst að þó líf lægi við, þá þyrðu þeir
ekki einir (það er að segja hvor fyrir sig) að ganga inn það hús sem myrkur
væri í og sem enginn maður annar væri
í. Þar eð nú almenningur las þjóðsögurnar
svona mikið og áður hefir verið minnst á,

þá voru það mjög margir sem kunnu þá
alveg utanað, en einkum voru það
gamlar kerlingar sem voru svo námfúsa
á þær. Þegar vetra tók byrjuðu þæra
sína skemtilega og þarfa verki. Þær
mynduðu stóra flokka víðsvegar um
landið, svo skiftu þær sér og fóru ein í
hverja sveit og stundum fleiri, og gengu
síðan um bæina, á þessu héldu
þær sér uppi frá dauðans neyð, sem
þær annars mundu hafa liðið, því
önnur vinna þeirra var mjög svo
takmörkuð. Einkum voru það kvöld-
tímarnir á veturnar sem þær notuðu til
þess að segja sögur sínar á (það er að segja
í myrkrinu). Þá skipuðu þær öllu
heimilisfólkinu að setjast í sæti sín (á
rúm sín) og varð það að vera með vissri
reglu eftir því sem þær skipuðu fyrir.
Sjálfar settust þæra á sína ræðustóla

(kjaptastóla), og byrjuðu sínar þrumandi
sögusagnir um drauga, huldufólk,
álfa, tröll og margt fleira þesskonar.
Sögufýsnin var ákaflega mikil í fólkinu,
þjóðinni, hún hugsaði sem sagt lítið
um hag sinn að því leyti sem upp-
fræðingu þeirra komandi kynslóðar snerti.
Þetta var mentunin sem hún fékk
ýmislegar lygasögur, sem ekki gjörðu
annað en drápu þann skynsemdar-
ljósneista sem kviknað hafði hjá
einstaklingnum með fæðingu hans.
Ó! þetta er voðaleg til hugsun, en því
miður er hún sönn. Kerlingar þessar
voru uppi á fyrverandi öld, er höfðu
þetta fyrir vanalegan starfa sinn
að hella og hræða hinn uppvaxandi
unga og óhamaða einstakling með
þessum og því líkum lyga þvaðrum er
þær mynduðu. Ekki náði nú þetta

þeirra svo langt að þær gátu lesið
algengar þá tíðar bækur á sínu
móðurmáli, nei hreint ekki. Skyldi
ekki hefði verið betra fyrir þær að læra að
lesa og glæða með því, svo ofur litinn
þekkingarneista hjá sjálfum sér úr
þeim bókum sem þær gátu fengið.
Eg fyrir mitt leyti segi fljótt já við
því, þarið með þessu athæfi voru
þær til niðurdreps bæði fyrir land og
lýð. Sem betur fer að nú eru bæði
munnmælin og þjóðsögurnar að legg-
ast niður og úr gildi að ganga.
Nú á tímum er litið sem ekkert
haft yfir af þesskonar. Eftir því sem
mentun og þekking mannanna
á hlutunum hefir vaxið, því sjá
menn það altaf betur og betur hve
voða villa það er að trúa þvílíku.
Nú með 20. öldinni hefir runnið

upp sól þekkingarinnar og reynslunnar
sem gefur mönnum ljós til þess að
sjá hið rammvillausa álit sem
almenningur hefir haft fyrá þjóðs.
og munnmælunum. Þekkingin
tímum og tíðin gefur mönnunum
altaf með hverjum deginum betri og
betri sannfæring um að alt það sem
þjóðsögurnar segja og sögðu áður að
það er endalaus vitleysa. Það
er fremur einkennilegt og jafnvel
stórmerkileg hugsunarlífsstefna
að nútíðar menta menn skuli vera
að safna heilmiklu drasli af þesskonar
sögum. Já meir að segja vill hann
helst þær alla villausu, sem alveg
lífsómögulegt er að hugsa sér annað
en helbera lygi. Maður þessi er vel
mentaður, og ímynda eg mér að flestir
lesendur Fjallfara hafi heyrt hans

getið að meira eða minna leyti.
Hann tók þetta fyrir lífsstarf sitt um
þrítugsaldur, en er nú um fertugs-
aldur. Sögusafn hans er mjög mikið
verk, ég hef til dæmis séð hjá honum
4 mjög stórar bækur, sem voru alveg
útskrifaðar eftir hann sjálfan.
Sögum þessum sagðist hann hafa
safnað víðsvegar um land, bæði um
ýmsir hefðu sagt honum og líka
er hann hefði tekið sjálfur úr göm-
lum skruddum. Með rás tímans
berumst við fram í straum nýrrar
menningar og dáða sem hrífur
okkur með sér úr því þjakaða
ástandi sem við höfum verið í
fast að þessum tíma.
Æskilegt væri það að menn tækju sér
það fyrir mark og mið að forðast
af megni að telja unglingum trú um

að drangar væru til og þess konar óvættir.
Menn hljóta að sjá þetta þegar þeir
aðgæta það nákvæmara hversu fjarska
það er hlægilegt fyrir framtíð þeirra
uppvaxandi kynslóðar að trúa því.
Niðurstaðan verður þá þessi að eingöngu
er það af menntunarleysi að þjóðin
lagði trúnað á þær fyrrnefndu
sögur og munnmæli. Það er ekki
svo að skilja að ég álíti að sá fyrrnefndi
maður sem talað var um að hann trúi
þeim. Nei alls ekki, en hitt (er það) að
hann hefur máske gaman af
þeim, og líka það að maðurinn
hefir ekki fyrir neinum að sjá, svo
honum er nokkuð sama hvað
hann vinnur, ef hann kemst
með þægilegu móti í gegnum
lífsins vandhæfu brautir og
hlið.

Hrani.

# Ofur lítil tilraun

Það hafa nú ekki heyrst neinar raddir
í þá áttina, að taka undir með
hinum fjörunga og framtakssama
höfundi greinarinnar, sem að kom
í Fjallfara okkar nefnist um
Skemtanir. Það er grein sem við með-
limir hans ættum hreint ekki að
láta um eyrun þjóta, án þess að
láta í ljósi skoðanir okkar á slíku
máli. Eg segi fyrir mína persónu
að eg er samþykkur Skemtununum
Ættum við nú þegar allir meðlimir
Fjallfara í einu hljóði að taka oss
saman og halda ofurlítinn fund
einhvern góðan veðurdag, og skemta
okkur þá eftir því sem andinn
býður oss. Eg bið nú þegar alla þá, sem
eru sammála meðlimir Fjallfara
að láta þegar brátt í ljósi skoðanir
sínar á málinu, en steinþegja ekki
eins og spítur.

Sjálfur veit eg það undur glögt að
eg er mjög lítilsigldur maður, og
þess vegna ekki mikið fær til þess
að halda uppi Skemtununum, en eg
vil vera í og með eftir mætti, og
það eru líka svo margir mentaðir
menn í þessu blaðfélagi okkar, að
það ætti ekki að verða skotaskuld úr
því að skjóta á ofurlitlum fundi, og
gætum við búið okkur til dálitla
dagskrá, og rætt þá mál okkar
með andans djörfung og stillingu
og þótt oss skyldi nú ekki öllum bera
saman á fundi, þá ætti slíkt
ekki að fæla oss frá sönnum
Skemtununum. Þegar við rennum
huganum yfir æfi vora þá sjáum
við marga stund dimma og drungalega

og við verðum sammerlega að lyfta oss
uppi, því hversdags störfin eru mis-
jafnlega skemtileg, og andinn
verður að gleðjast. Skammdegið
liggur oft þungt á oss eins og farg.
og þegar blindhríð og sorti bylur
á hélóðum gluggum húsa vorra
þá kann oss, ef til vill að leiðast
en aftur megum við þá ekki algjört
eða gleyma því, að skin kemur á
eftir skúr, og dagurinn tekur að lengja
og blessuð sólin að verma það sem
frosið var og kalt. Þetta kann nú
alt ef til vill að vera svipað í sálum
vorum. Kuldi og sorti bylur á
glugga sálarinnar því lífskjörin
eru mjög misjöfn, en þá er að reyna
að slíta af sér harðan dróma
dimmar þjáningar, og lyfta
hinni skæru andans sól að

verma köldu hjörtum okkar með
því að skemta sér.
Ég álít að með tíð og tíma geti sprottið
ofurlítill frjóangi upp af því að
halda fundi. Það kann nú ef til
vill að verða bið, fyrir að það vanti
húspláss, og þekki það ekki vel, en
ef slíkt aftrar oss frá skemtunum
þá er nú illa farið. Ég skírskota
nú þegar málinu til núverandi
Ritnefndar, og skora á hana að
láta fundarboð út ganga sem fljótt
sem unt er. Hún verður að láta
til sín taka, ellegar alt fellur í
mola. Ég get ef til vill búist við
því að fá mótblástur í baksegl,
en þá er að þoka seglum eftir vindi
Verðum við að halda með okkur ofur
litlum fund, án þess að það kosti
nokkuð.

2. Ef oss virdist það dauft og dapurt, þá er að mynda ofur lítið félag, og fá sér til láns eitthvað sér til skemtunar uppá það að borga það í sumar. Eg þarf ekki að taka það fram hvað við ættum að skemta oss, því greinarnar um Skemtanir gjörði það svo ítarlega og þá liggur oss opin leið að velja og hafna eftir því sem oss best líkar.

eftir N. N.

## Palladómar um þá sem skrifað hafa í Sveitarblaðið Fjallfara í vetur

1. Jón á Veðramót: Stendur á afar háum jökultindi, og sér hann að sólin er hátt á lofti, og skín á jökulsprungur Íslands, slær hann þá gullna gýgjustrengi, og syngur undir eitt afar mikið alheimslag. Svanur situr á öxl hans, og syngur ástarljóð undir. Verður þá Jóni litið yfir landið og sér þegar að ylgeislar sólarinnar eru farnir að verma alt, af dimmum dvala vetrar og kulda. Verður hann þá hrifinn í anda og syngur svo hátt sem hann kann.

2. Stefán á Veðramót: Stendur á háum palli í húsi einu miklu sér hann að þar er að margt saman komið af ungum og yndislega fallegum meyjum, verður honum þá nokkuð starsýnt á gullbands fljóðin, sem þarna eru að dansa hoppa og skoppa alt í kringum hann. Dregur hann þá frá gluggatjöldin svo að blessuð sólin nái þar inn að skína enda verður honum þá litið út um gluggann, og sér hvar ungir og tápmiklir karlmenn koma á skíðum af fjöllum ofan og þeytist rjúkandi mjöllin hátt yfir

höfuð þeirra. Verður þá Stefáni Björgum í anda tekur hann eitt mikið og blæs í það til fundar.

3. Guðrún á Veðramóti: Situr í lauf-fögrum lundi og andar að sér ilm-angandi blóma, þýður sunnan blær leikur um vanga hennar. Verður henni þá litið í skuggsjá eina mikla og sér hún að landið sitt er skrúðgrænt og fagurt, tekur hana þá sárt að hugsa til þess, að ungir og myndarlegir menn rétt frá heimilinu á sér skuli vera að flytja föðurlandið, enda sér hún þá glöggt í skuggsjá sinni að landið sem þeir flytja á er þyrnum stráð og þoku blandið.

4. Indriði á Tjarnanesi: Stendur á hámu-hamra tindi á vesturströnd Íslands og starir hann í vesturátt og lítur yfir hafið, sér hann þegar undurglöggt og vel í anda og sannleika land eitt afar fagurt og mikið, og gnæfa þar við heiðbláan himin háar eikur, og fagur hljómur fljóð ferðast þar í skrautstofum eftir yndisfögrum aldingörðum, enda hugir hann í vestri fagran hljóm friðar og gleði, vill hann þá feginn flytja landið sem alt er þakið snjó og kulda, gömlum vana og ruddalegri stjórn, og betra muni landsins lýð að bæta ráð sitt, og létta af sér ánauðaroki hinnar kúgandi stjórnar og vana. Hann veit mjög vel að ekki muni langt líða, þangað til ungt fólk og frjálslynd með óspiltu æsku fjöri muni flytja, ef ekki verður með skyn semi að því gjört að aptra slíkum útflutningi fólks. Fær nú Indriði þegar vængi vonarinnar og flýgur í vesturátt.

5. Sigurjón í Hólakoti: Situr á sjáfar bakka og horfir norður í haf, sér hann

þar bæði brim og boða, og æðandi holskeflur falla að fótum sér. Einnig sér hann að sól skín í austri, opnar hann þá kvæðabók sína ofurnotra, og syngur ljóð og kveður vísur svo hátt að ómurinn berist langar leiðir.

6. Theódór Friðriksson á Mosfelli: Stendur á grýttum gatnamótum, er hann fremur niðurlútur, og nagar neglur sínar. Allt í kring um sig sér hann bæði móðu og myrkur, enda heyrir hann einnig grát og ekka gamallrar konu, eigi mjög langt frá sér. Veit hann undur glöggt hvaða daga hennar hefir drifið, og hver muni veita henni þann styrk er hún þarfnast. Í gegnum þetta dauðans dimma myrkur sér hann í austri ljósbjarma mikinn og skjæran. Lyftir hann þá upp höfði sínu, og verður ofurrótt þangað að horfa, en í því hann starir

í bjarma þennan flýgur afar stór örn yfir ljósið, lætur hann þá höfuð sitt á bringu síga, og veit og finnur að það eru fjötrar á fótum sér og fær ekki að gjört.

7. Einar á Steini: Stendur við mjólkurbrunn einn mikinn, er hann þar að rannsaka í sjónauka einum miklum á vísindalegan hátt efnasamsetning-mjólkurinnar. Lítur hann samt annað slagið í kring um sig, og sér hann þá hvar kanið er ót. mikið af öskum, og þykir honum það undarlegt mjög, að slíkir hlutir skuli vera við mjólkurbrunninn. Lyftir hann þá upp lokinu á einum askinum, og sér á vísindalegan hátt, að það er þá einmitt nú bókvitið, sem látið hefir verið í askana.

8. Björn á Innstalandi: Situr við borð og er hann þar að stinga út

í Korti Vesturálfunnar. Sér hann
í myndabókinni sinni, að það er
stórt og afar mikið land fleira.
Virðist honum þá að það muni einsog
annarstaðar í heiminum vera mis-
jöfn æfi mannanna, og óskar
þess með sjálfum sér að mega
lifa kyrr á landi sínu.

9. Sveinn í Skarði: Stendur á bæarburst
og blæs hann þar ýmist í lúður og
kallar á fólk að koma saman og
skemta sér. Er raust hans svo
mikil að margir mættu heyra.

10. Stefán á Meyjarlandi: Situr undir
borðum í veislusal afar miklum
og skrautlegum. Samt er hann
þar við og við að blaða í bók
einni eftir allfrægan höfund.
Sér hann þá að punktur er á
rammskökkum stað og veltir
hann því fyrir sér á ýmsan hátt
loks uppgötvar hann að þessi
óþekklegi punktur er einmitt
ekki annað en tóbakskorn, og
alt er þá rétt, gleður það Stefán
mikið, og situr hann veisluna það
sem eftir er ánægður og í friði, án
þess að brjóta heilann út af punkt-
skömminni.

11. Sigurlög á Mosfelli: Situr á
rúmi sínu, er hún þar í fremur döpru
bragði, og hefir á afar litlum vaðkött
sem henni þykir svo skemtilegur.
Raular hún þá allmargar vísur
fyrir munni sér um kisu litlu,
sem hlýðir því með ánægju og
eftirtekt, og kúrir sig í kjöltu
Sigurlaugar.

Eftir N. N.

## Æfintýri af einum hermanni

Hermaður einn að nafni Rígarð Middleton í Skotlandi gekk í kirkju, og tók í staðinn fyrir sálmabók spil upp úr vasa sínum, og horfði á þau með sér mikilli guðrækni sem væri það hefði ein helgasta bók. Þegar að Grafarinn sá það, skipaði hann honum að stinga niður spilunum eða þá að öðrum kosti, að fara út úr kirkjunni. Hinn hlustaði á það með þolinmæði, en hélt þó hinu sama áfram. Eftir messuna færði grafarinn hann fyrir Liðsforingjann, og klagaði hann fyrir það hneyksli er hann hafði gjört af sér í kirkjunni. Liðsforinginn spyr nú hermanninn, að hvað hann hefði sér til afsökunar? „Ég er einn fátækur maður segir hann

sem fæ ekki meir en fimm skildings laun um daginn, sem varla hrökkva til lífsnauðsynja, að kaupa bækur er ekki að tala um fyrir mig. Ég hjálpa mér, því þannig segir hann með þessum stutta útdrætti, af því nauðsynlegasta sem maður þarf að vita, og dró upp spilin. Þegar ég sé einn ás þá hugsa ég um þá einustu alskapandi, og öllu viðhaldandi, veru, einn Guð. Tvisturinn minnir mig á þau tvö Sakramenti Skýrnar og Altaris. Þristurinn á þá heilögu Guðdóms þrenning, og þá þrjá menn í þeim glóandi ofni. Fjarkinn um þá fjóra Guðspjallamenn. Fimmið um þær fimm Jómfrúr, sem höfðu sína lampa tendraða, við brúðgumans tilkomu. Þær voru reyndar tíu, en hinar

fimm voru sem þér vitið fávísar
Við sexið hugsa eg um sköpunar-
dagana. Við sjöið á Sabatsdag.
Við áttuna um þær átta sálir
sem frelsaðar voru frá syndaflóðinu
í Nóaörk. Við níuna um þá níu
óþakklátu líkþráu Gyðinga, sem
ekki sneru til baka að gefa Guði
dýrðina. Við tíuna. Hvað þarf eg
að hafa betra í hugsunum
mínum, en þau heilögu Guðs
tíu Boðorð. Drottningin er mér
lærdómsrík fyrirmynd um
Drottninguna af Saba sem kom
úr Austurvegi til þess að heyra
speki Salómons. Og ~~konungurinn~~ kóngurinn
snýr mér fram á það að eg skuli
þjóna mínum Konungi; sem
góður hermaður. Gott hjá
þér sagði liðsforinginn. En

hversvegna hefur þú gleymt
Gosanum da þrælnum. Við
þrælinn hugsa eg nokkuð, ef þér
takið það ekki ónáðugt upp fyrir
mér. Nei sagði liðsforinginn.
Það er það, sagði hinn, að þar
er enginn verri þræll til á þessari
heilu Guðs grænni jörð, en
grafarinn, sem færði mig nú hingað
á þennan stað. En hermaðurinn
fríaðist. H.

## Þórunin

Það bar til í Sevilla á Spáni, að
konur nokkrar voru staddar í
kirkju einni, krupu fram og báðu
fyrir. Þá bar svo til að einni þeirra
fanst vera farið í vasa sinn, hún
leit jafnskjótt til þeirra sem
næst henni krupu, og sá að hún

badst ákaflega fyrir, og hafði hendur krosslagðar á brjósti. Henni lá því við að iðrast þess, að hún skyldi gjöra svo góðu guðs barni nokkrar gestsakir. En er bænagjörðinni var lokið fór hún að skoða í vasa sinn og var þá burt horfin peninga pyngja hennar, er þar hafði verið. Sagði hún þá lögreglumönnunum frá skaða sínum. Hinn sem kropið hafði við hliðina á henni á meðan hún baðst fyrir, var handtekin, og fanst á henni pyngjan, og þar að auki komust menn að því, að hinir krosslögðu armleggir voru ekki hold og bein, heldur eptirstæling ein, og gjörðir af vaxi til að villa sjónir fyrir mönnum, meðan hinir sönnu og réttu armleggir voru annað að gjöra í kyrþey. H.

# Skósmiðirnir

Í Wormsborg bjuggu tveir skósmiðir. Annar átti engin börn, en var ríkur og nískur, hinn var fátækur, og hélt marga námssveina, þó hélt hann sig eptir efnum sæmilega vel, og jafnan þá hann stóð upp frá borðum sagði hann „Hjálpi mér Guð og sankti Nikulás til góðrar máltíðar aptur. Þetta undraði nábúa hans hinn ríka skósmið, og spyr, því hann biðji Guð og sankti Nikulás að sjá sér fyrir máltíð, og kallar til hans út um gluggan og segir Þegar þú kallar á Guð og sankti Nikulás, þá kalla eg á minn Davíð Júða sem einn nauðhjálpara

(en þessi Davíð var einn ríkur Gyðingur
sem þar bjó). Einn dag er þessi
Davíð gekk þar fram hjá, heyrði
hann þrátt þeirra um þetta
sama, og líka til hins ríka skó-
smiðs. Gekk hann heim til sín og
tók eina gæs er hann hafði látið
steikja og stakk inn í hana tíu
Gyllinum, og sendi þeim ríka
Skósmið sem hafði sína trú
byggða á hann. En undireins og
hann fékk gæsina bjóða hann
til síns fátæka nábúa, og sagði
Sjá, hvað minn Davíð gefur mér.
Hvað gefur þinn Nikulás þér hiá
mót. Davíð minn er einn örlátur
maður, en þinn Nikulás einn
gnyjari. Hinn fátæki segir. Þetta
er sultargjöf af svo ríkum
manni. Nikulás gefur mér meira

hann hefur lofað mér feitum uxa,
ein gæs er ekki mikið handa þér
seldu mér þessvegna gæsina fyrir sitt
verð. hinn gjörði svo, og tók sitt verð
fyrir. Sá fátæki setti gæsina uppá
borð sitt, þakkaði Guði og sankti
Nikulási, og þegar hann skar
hana á borðinu duttu innan
úr henni tíu Gyllini, sem hann
varði strax til þess að kaupa feitan
uxa fyrir. Og í þeim svifum kom
hinn á móti honum og spyr hann
hver hafi gefið honum svo feitan
uxa. Hinn segir Guð og sankti
Nikulás. Litlu síðar fann Davíð
Júði þann ríka Skósmið, og spyr
hvernig honum hefði smakkast gæsin
hann segir eg seldi hana strax
þeim fátæka skósmið nábúa mínum,
þá segir Júðinn, það er ekki til neins

að gefa þér, þar voru inmaní tíu Gyllini. Þá lá hinum ríka skósmið við að ærast, og stefndi hinum fátæka skósmið, en dómarinn dæmdi, að með því að sá ríki hefði sjálfur fríviljuglega afhent gasinn og ekki undanskilið hvað í honum var, þá skyldi sá fátæki skósmiður vera frí af hans ákæru. Hvað hann þakkaði Guð og sankti Nikulás (nefnil. sá fátæki). H.

# Dómsatkvæði

Augnveikur bóndi fór til járnsmiðs í þorpi einu til þess að leita sér lækninga. Smiðurinn lagði við auga honum plástur, sem hann hafði notað við hesta, en bóndi varð blindur af honum. Bóndi kærði síðan smiðinn fyrir dómaranum og krafðist skaðabóta. En sem dómarinn hafði heyrt málavöxtu, vísaði hann bónda frá með svofelldum orðum. „Þú hefir enga ástæðu til að kæra þetta mál, því hefðir þú ekki verið asni, þá hefðir þú ekki leitað smiðsins, heldur læknisins.

H.

## Gátur

1. Situr varla vitur, sjóli á einum hóli, áttir telur allar, aldrei mæli bjálar, enginn skilur ýta, orð hans nokkru sinni ráðnastur þó reynist, rétt þá kári er bitur.
2. Einn er sá smiður á almannabrautum, sem teygir taum margra en réttir leið sumra. Ungmönnum hraustum óþekkur sjaldan, kemur í veg þrátt, og kemur seint.
3. Einn er sá faðir, sem ól sér niðja

ól hann sér tólf, sem er að skilja
þrjátíu hver þeirra, þarfa á sér arfa.
Svona með sömu skini svartir makar
ei skarta, ýmist fara eða em
aldrei þó við staldra.

4. Hvað er það fólgið í fjörgynar hjarta
fagurst á nóttu en fölt á degi,
dapurt og glatt sem deyr og lifnar,
öllum auðséð en engum þreifanlegt.

5.



Skiptu þessari flatarmynd í fjóra jafn-
stóra og einslagaða parta, svo ekkert
gangi af henni.